



**BA ritgerð**  
**í viðskiptatengdri kínversku**

**Aðlögun innflytjenda kvenna af kínverskum  
uppruna**

Gunnhildur Gunnarsdóttir

**Lilja Hjartardóttir**  
**Júní 2019**



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**HUGVÍSINDASVIÐ**

**Háskóli Íslands**

**Hugvísindasvið**

**Viðskiptatengd kínverska**

**Aðlögun innflytjenda kvenna af  
kínverskum uppruna**

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Gunnhildur Gunnarsdóttir**

**Kt.: 201095-2639**

**Leiðbeinandi: Lilja Hjartardóttir**

**Maí 2019**

Aðlögun innflytjendakvenna af kínverskum uppruna

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs við Mála-og menningardeild,  
Hugvísindasviði

Háskóla Íslands.

© 2019 Gunnhildur Gunnarsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2019

# Efnisyfirlit

Ágrip .....	2
Inngangur.....	3
Aðferðafræði.....	6
1 Innflytjendur .....	8
2 Togstreita á milli ólíkra menningarheima .....	10
2.1 Ólíkir siðir og venjur .....	11
2.2 Fjölskylduhefðir .....	12
3 Væntingar til kvenna .....	13
3.1 Yngri kynslóðin.....	13
3.2 „Sheng nu“ .....	14
3.3 Eldri kynslóðin .....	15
4 Móðurhlutverkið og þátttaka í atvinnulífi .....	17
4.1 Reynslusögur eldri kynslóða .....	17
4.2 Erfiðleikar hjá innflytjendum í hópi kvenna á vinnumarkaði .....	18
5 Lagareglur.....	20
5.1 Skipulögð brúðkaup.....	20
5.2 Einbirnisstefnan.....	22
6 Skólaganga.....	23
6.1 Tungumálaörðugleikar.....	23
6.2 Óaðgengileg menntun.....	24
7 Fordómar .....	26
8 Félagslífið .....	27
8.1 Kynslóðabilið .....	27
Niðurstöður og lokaorð .....	28
Heimildarskrá .....	31

## Ágrip

Ritgerðin fjallar um konur af kínverskum uppruna sem búa annars staðar en í Kína. Margskonar hugtök eru notuð um kínverska innflytjendur en hugtakið „huaren“ nær til þeirra, sem eru ekki með kínverskan ríkisborgararétt en eru af kínversku bergi brotnir og á því við hér. Kannað er hvernig konurnar hafa aðlagast í þeim löndum sem þær hafa sest að í. Tekin eru viðtöl við konur, sem búa á Íslandi, í Bandaríkjanum, Taívan og Hollandi. Þær segja okkur sögu sína og hvernig og hvers vegna þær enduðu á þeim stöðum þar sem þær búa nú og hvort að aðlögunin hafi reynst þeim erfið eða auðveld. Frásagnir kvenna af eldri kynslóð eru bornar saman við frásagnir kvenna af yngri kynslóð. Skoðað er hvernig hugsunarháttur, hefðir og siðir hafa breyst á því 40 ára tímabili sem þær hafa búið erlendis og fjallað um togstreituna í lífi þeirra. Niðurstaðan er sú að samlögun sé óásættanleg fyrir innflytjendur en samþætting sé betri kostur.

## Inngangur

Fólksflutningar frá Kína hafa lengi tíðkast en þeir jukust mikið eftir menningarbyltinguna þegar Mao Zedong réð ríkjum. Allt frá menningarbyltingunni sem varði frá 1966 - 1976 var Kína einangrað land. Til dæmis flúðu foreldrar foreldra minna frá Kína á meðan Mao Zedong var við völd þannig að það gæti verið að það séu ekki til nákvæmar tölur um innflytjendur á þessu tímabili. Fyrsta bylgjan af innflytjendum frá Kína, sem komu til Bandaríkjanna var um miðja 19. öld og önnur bylgja varð á áttunda áratug 20. aldar sem bendir til þess að fólksflutningar hafi tengst menningarbyltingunni. Fólksflutningar hafa síðan sexfaldast frá níunda áratug 20. aldar og nú er svo komið að um 2,3 milljónir kínverskra innflytjenda í Bandaríkjunum árið 2016. (Batalova og Zong, 2017) Talið er að frá tímabilinu 1846 - 1940 hafi samtals 19 milljónir Kínverja orðið innflytjendur í öðrum ríkjum. (McKeown, 2004). Nánar verður rætt í næsta kafla um fjölda kínverskra innflytjenda nú á tímum.

Það er áhugavert að rannsaka lífstíl og aðlögun kínverskra kvenna í hópi innflytjenda. Vitað er að Kína er mjög framsækið land þegar kemur að tækni en sama er ekki hægt að segja um jafnréttismálin. „Stærsta vandamálið í Kína er að helmingur íbúanna er undanskilinn frá þróuninni og konur eru ekki jafn réttháar karlmönnum. Þess vegna er kynvitund (e. gender awareness) nauðsynleg.“ (Milwertz, 2002) Því tel ég áhugavert að skoða hvernig kínverskar konur upplifa sig í löndum, þar sem að kynjajafnrétti stendur betur heldur en í Kína. Hafa skoðanir kínverskra kvenna breyst eftir að hafa dvalið í löndum þar sem meira jafnrétti ríkir? Hvernig hafa þær aðlagast í löndunum sem þær hafa sest að í?

Frá 1997 hefur margt breyst en Kína á ennþá langt í land hvað varðar jafnrétti kynjanna. Það sést ágætlega í skýrslu frá 2012 þar sem er rannsökuð var lýðfræðileg og hagfræðileg staða kvenna og hvernig þær hafa tekist á við hnattvæðinguna sem jafnframt hefur gefið konum fleiri tækifæri í atvinnulífinu. Þótt að konur hafa fengið lagalegt sjálfstæði fyrir tæplega 70 árum, tækifæri til menntunar hafi aukist og lagalega sé betur passað upp á réttindi og hagi þeirra hefur ekki mikið þróast í átt að jafnrétti kynja. Það er ennþá mikill munur á launum kynjanna og atvinnutækifæri kvenna eru færri og fábreyttari. (Attané, 2012) Ég vildi komast að því hvort að viðmælendur mínir væru sama sinnis eða hvort þetta allt væri öðruvísi í löndunum sem þær hafa sest að í.

Tekin voru viðtöl á Skype við sex kínverskar konur sem eru innflytjendur á Íslandi, í Hollandi, Bandaríkjunum og Taívan. Ástæðan fyrir þessu vali er sú að ég vildi

hafa viðmælandahópurinn sem fjölbreyttastan. Þá eru Evrópa og Bandaríkin ofarlega í jafnréttisvísistölunni (e. gender inequality index). Sjá töflu 1. Taívan varð fyrir valinu vegna þess að það þykir framsæknara en önnur Asíulönd og ég hef dvalið þar sem skiptinemi og hef því tengsl þangað. Sem dæmi má nefna varð Taívan fyrst landa í Asíu til þess að samþykkja brúðkaup samkynhneigðra para.

Með viðtölunum verða hugtök um aðlögun könnuð enn dýpra. Fyrsta hugtakið er aðlögun (e. acculturation) sem er tvískipt ferli menningar- og sálfræðilegra breytinga sem eiga sér stað við samskipti og blöndun tveggja eða fleiri menningarhópa og einstaklinga innan þeirra. Út frá hópnum þróast breytingar á félagslegri uppbyggingu og stofnunum þar með talið aðlögun að menningu og menningarþátttöku. Hegðunarmynstur einstaklinga breytist í tengslum við þessa þætti. (Berry, 20015)

Það eru fjögur mikilvæg lykilhugtök fyrir aðlögun, sem nefnast samlögun (e. assimilation); samþætting (e. integration); aðskilnaður (e. separation) og einangrun (e. marginality).

„Samlögun er þegar innflytjendur og aðrir þjóðernisminnihlutar segja algerlega skilið við upprunalega menningu síns lands og tungumáls og tileinka sér þess í stað menningu og tungumál nýja landsins. Þetta birtist í ýmsum myndum, allt frá því að skilgreina upp á nýtt hvaða þjóðerni viðkomandi tilheyrir eða að einstaklingar læra hið nýja tungumál en viðhalda ekki eigin móðurmáli. Markmiðið er að öðlast menningarlega færni í samfélagi meirihlutans en afmá sín eigin upprunalegu menningareinkenni.“ (Félagsmálaráðuneytið, 2005)

„Samþætting er er þegar þjóðernisminnihlutar leitast við að tileinka sér ráðandi menningu í nýju landi en leggja áherslu á að viðhalda eigin menningu og tungu. Einstaklingarnir þurfa þá að öðlast færni í tvenns konar menningarheimi sem oft getur reynst erfitt þar sem um afar ólíkar aðstæður getur verið að ræða. Í þessari skýrslu er notað hugtakið „aðlögun“ þegar rætt er um „samþættingu“ í þeim skilningi sem hér um ræðir.“ (Félagsmálaráðuneytið, 2005)

„Aðskilnaður er þegar aðlögun verður ekki til með neinu móti. Iðulega búa hópar þá á sérstökum afmörkuðum svæðum og lúta þar undirokun meirihlutans.“ (Félagsmálaráðuneytið, 2005)

„Einangrun er þegar engin tengsl myndast milli hinnar nýju menningar né heldur tekst viðkomandi að halda tengslum við þá menningu sem þeir koma frá. Fólk tileinkar sér ekki hina nýju menningu né heldur hina upprunalegu.“ (Félagsmálaráðuneytið, 2005)

Samkvæmt jafnréttisvísitölu frá þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna má sjá að allir viðmælendur mínir nema Rósa búa í ríkjum þar sem jafnrétti kynjanna mælist tiltölulega hátt. Ísland þar sem Sara býr er er í sjötta sæti, Holland þar sem Jóna og Anna búa er í 10. sæti og Bandaríkin þar sem Fjóla býr er í 13. sæti. Taívan þar sem Rósa býr er ekki á meðal efstu 20 ríkjanna í jafnréttisvísitölunni. Sjá töflu.

HDI rank	Country	Gender Inequality Index	
		Value	Rank
		2017	2017
<b>VERY HIGH HUMAN DEVELOPMENT</b>			
1	Norway	0.048	5
2	Switzerland	0.039	1
3	Australia	0.109	23
4	Ireland	0.109	23
5	Germany	0.072	14
6	Iceland	0.062	9
7	Hong Kong, China (SAR)	..	..
7	Sweden	0.044	3
9	Singapore	0.067	12
10	Netherlands	0.044	3
11	Denmark	0.040	2
12	Canada	0.092	20
13	United States	0.189	41
14	United Kingdom	0.116	25
15	Finland	0.058	8
16	New Zealand	0.136	34
17	Belgium	0.048	5
17	Liechtenstein	..	..
19	Japan	0.103	22
20	Austria	0.071	13

Tafla 1. (Human Development Reports, 2017) Í þessari töflu má sjá jafnréttisvísistölu þeirra 20 ríkja þar sem jafnrétti mælist hvað mest.

Ég er sjálf af kínversku bergi brotin því tengist þetta efni mér mjög mikið. Ég valdi það vegna þess að ég hef lengi haft áhuga á að rannsaka innflytjendur sem hafa mögulega upplifað svipaða reynslu og ég hef. Það að ég sé ekki sú eina af erlendum uppruna, sem er að ganga í gegnum erfiðleika lætur mér líða eins og ég sé ekki ein í heiminum. Ég hef



einnig furðað mig á hversu mikil þessi feðraveldisviðhorf og feðraveldis hugsunarháttur er ríkjandi sérstaklega hjá eldri kynslóðinni. Sem dæmi má nefna ættingja minn en í hvert skipti sem að ég hitti hann þurfti ég að ávarpa nafnið hans og síðan hneigja mig fyrir honum. Mér fannst það mjög gamaldags og með tímanum hætti ég að gera þetta. Ég áttaði mig á að ég vildi ekki taka þátt í þessum sið, sem er hluti af ríkjandi hefðum, en hafði aðeins gert það til þess að þóknast fjölskyldunni þótt að mig langaði ekki til þess. Það sama má segja um ýmsar aðrar fjölskylduhefðir sem fylgir ákveðin pressa eins og að þurfa að gifta sig, að eignast börn fyrir ákveðinn aldur annars verði maður dæmdur sem „sheng nu“ eða afgangskona. Nánar verður fjallað um afgangskonur síðar.

Rannsóknarspurningin hljómar því svona:

*Hvað felst í aðlögun innflytjendakvenna af kínverskum uppruna og hvers konar aðlögun nýtist þeim best?*

## **Aðferðafræði**

Framkvæmd var eigindleg rannsókn í þessari ritgerð. Ástæðan fyrir því er að betra er að taka viðtöl til þess að fá betri innsýn inn í líf einstaklinganna og geta borið upplifun og reynslu þeirra saman. (Kvale, 1996) Tekin voru viðtöl við sex konur. Ég hef gefið þeim íslensk nöfn sem eru Jóna, Anna, Fjóra, Rósa, María, og Sara. Nöfnin eru búin til af spyrninum. Viðtölin voru rúmlega einn klukkutími.

Við val á viðmælendunum var reynt að gæta þess að hafa hópinn sem fjölbreyttastan og að nokkur munur væri á aldri þannig að hægt væri t.d. að greina mun á milli kynslóða. Í hópnunum eru því bæði konur sem tilheyra yngri og eldri kynslóð innflytjenda, þær eru á ólíkum aldri og með ólíkan bakgrunn. Að undanskildu því að þær teljast allar „huaren“ nema ein sem er í erfiðu ferli við að sækja um ríkisborgararétt í búsetulandi sínu.

Jóna er frá Hollandi. Hún er fráskilin með 3 börn og er á sjötugsaldri. Jóna flutti til Hollands frá Kína fyrir tæplega 30 árum. Hún er konan, sem á í erfiðleikum með að öðlast ríkisborgararétt í landinu og hún hefði viljað fá hollenskan ríkisborgararétt þar sem hún hefur sest að í landinu og búið þar hálfu ævina eða svo.

Anna er dóttir Jónu og ólst upp í Hollandi þar sem hún er fædd og er að læra lögfræði. Hún er rúmlega tvítug og hún er annarrar kynslóðar innflytjandi. Anna er með hollenskan ríkisborgararétt.

Fjóla er frá Kaliforníu í Bandaríkjunum, þar sem hún hefur búið í um það bil 40 ár síðan hún kom frá Víetnam. Hún býr í bæ þar sem að margir Asíubúar búa í, hún er á sjötugsaldri.

Rósa er rúmlega tvítug frá Suður-Taívan. Hún flutti til Taipei eftir framhaldsskóla þar sem að hún stundaði nám í ensku og stundar nú meistaranám í nútímalist. Rósa hefur dvalist sem skiptinemi bæði í Svíþjóð og Skotlandi, stundaði starfsnám á Íslandi og hefur kynnst því að vera útlendingur í nýju landi.

María er rúmlega tvítug og ólst upp í bæ á austurströnd Bandaríkjanna. Hún býr núna í höfuðborginni Washington DC, þar sem að hún lauk meistaranámi. Hún er fædd í Bandaríkjunum en á föður sem er innflytjandi og móður sem er af þriðju eða fjórðu kynslóð innflytjenda.

Sara er á sjötugsaldri og býr í Reykjavík, þar sem hún hefur búið seinustu 40 árin frá því að hún kom til Íslands. Sara er eldri systir Fjólu.

Í einu viðtali, hafði ég þýðanda með mér, sem var dóttir viðmælandans. Þetta voru Jóna og Anna. Vegna þess að Jóna kunni ekki mikið í ensku þá taldi ég best að hafa Önnu með henni til þess að þýða fyrir mig. Jóna talaði á kínversku og síðan þýddi Anna fyrir mig á ensku. Þótt að ég skilji einhverja kínversku þá var fínt að hafa Önnu með því að hún er betri en ég í kínversku og hún gat útskýrt betur fyrir mér samtalið. Í öðru viðtali hjá Söru þurfti ég að tala kínverska mállýsku við hana, sem er frábrugðið Mandarín. Vegna þess að ég er betri í mállýskunni heldur en Mandarín og hún talar bjagaða íslensku en ég gat notað íslensku ef ég þekkti ekki orðið í mállýskunni.

Ég afritaði öll viðtölin nema eitt sem var á kínversku og síðan reyndi ég að þýða eftir bestu getu en það var tekið upp á kínverskri mállýsku. Annað viðtal sem tekið var á kínversku við Jónu með hjálp Önnu sem þýddi yfir á ensku sem ég afritaði eftir. Ég greindi viðtölin eftir þeim og tók eftir nokkrum áhugaverðum þáttum eins og til dæmis er þó nokkur munur á því hvernig eldri og yngri kynslóðin svarar spurningunum. Yngri kynslóðin svaraði spurningunum hreint út og lagði sig fram við að tjá skoðanir sínar varðandi allt sem rætt var um. Þær héldu ekki aftur sér þegar þær svöruðu. Það reyndist vera erfitt að fá viðtöl við eldri kynslóðina og það var eins og þær óttuðust að það yrði spurt um of persónulegt líf þeirra. Í einu viðtalinu voru svör viðmælanda nánast eins og hann vildi þóknast spyrli.

Ég er meðvituð um að það fylgja nokkur vandamál í eigindlegum rannsóknum. Það orsakast meðal annars vegna þess að það eru fáar staðlaðar reglur og því flóknara að taka viðtöl heldur en að leggja fyrir spurningalista eins og í meginlegum rannsóknum. Þar er meira unnið með tölfræði og stórum hópum. Í eigindlegum rannsóknum eru fá viðmið sem hægt er að fara eftir. Einnig er hægt að túlka viðtölin á mismunandi hátt. Þau eru að vissu leyti skipulagt samtal þar sem að spyrillinn þarf að hafa hæfileika til að stýra umræðunum og að spyrja réttu spurninganna og vera leiðandi í viðtalinu, ef ekki er um opið viðtal að ræða. Það tryggir spyrilinum að fá ítarlegar lýsingar frekar en þælingar og hugsjónir viðmælanda. Það eru nokkur atriði sem að spyrillinn getur gert til þess að gæta að góðri líðan viðmælanda í viðtalinu eins og að sýna áhuga, beita virkri hlustun og skapa gott umhverfi fyrir hann. (Kvale, 1996)

## 1 Innflytjendur

„Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar og ömmur. Önnur kynslóð innflytjenda eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur. Fólki er talið hafa erlendan bakgrunn ef annað foreldrið er erlent. Einstaklingur sem fæddist erlendis en á foreldra sem báðir eru fæddir hér á landi telst einnig hafa erlendan bakgrunn.“ (Hagstofan, 2018)

Samkvæmt skýrslu frá Sameinuðu þjóðunum frá árinu 2017 hafa um 258 milljónir innflytjendur flust um allan heim. Fjölmennasti hópur innflytjenda er frá Asíu eða um 106 milljónir manns. Gerður var samanburður á árunum 2000 og 2017. Árið 2000 voru 65 milljónir innflytjenda frá Asíu og árið 2017 voru þeir um 106 milljónir. Þetta var mesta aukning sem fram kom í skýrslunni frá SP eða um 40,7 milljónir. Ef skýrslan er skoðuð nánar þá voru um 508 þúsund innflytjendur frá Kína árið 2000 samanborið við árið 2017 þegar innflytjendur frá Kína voru orðnir um ein milljón. Árið 2000 var um 50% kínverskra innflytjenda konur en árið 2017 voru konur um 38,7% kínverskra innflytjenda.

Major area, region, country or area of destination	Number of international migrants (thousands)		International migrants as percentage of total population		Females among international migrants (percentage)		Median age of international migrants (years)	
	2000	2017	2000	2017	2000	2017	2000	2017
Eastern Asia	5,393	7,777	0.4	0.5	52.7	53.2	39.9	39.2
China <sup>6</sup>	508	1,000	0.0	0.1	50.0	38.6	34.8	36.8
China, Hong Kong SAR <sup>7</sup>	2,669	2,883	40.1	39.1	54.1	60.5	47.9	46.1
China, Macao SAR <sup>8</sup>	241	354	56.3	56.8	54.6	54.6	40.6	43.9

Tafla 2 (United Nations, 2017) Tafla sem sýnir fjölda kínverkra innflytjenda á árunum 2000 og 2017.

Þá er einnig hægt að skoða tölfræði frá Hagstofunni varðandi innflytjendur á Íslandi. „Hinn 1. janúar 2018 voru 43.736 innflytjendur á Íslandi eða 12,6% mannfjöldans. Það er fjölgun frá 2017 þegar þeir voru 10,6% landsmanna (35.997). Fjölgun innflytjenda heldur því áfram en frá árinu 2012 hefur þeim fjölgað úr því að vera 8,0% mannfjöldans upp í 12,6%. Annarri kynslóð innflytjenda fjölgaði einnig á milli ára, voru 4.473 í fyrra en 4.861 nú. Samanlagt er fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda 13,9% af mannfjöldanum og hefur það hlutfall aldrei verið hærra. Einstaklingum með erlendan bakgrunn, öðrum en innflytjendum, fjölgaði einnig lítillega milli ára, voru 6,8% mannfjöldans í fyrra en 6,9% nú.“ (Hagstofan, 2018)

Brettel og Simon (eins og er vísað til í Dion og Dion, 2001) gerðu rannsókn í félagsvísindum á konum í hópi innflytjenda eða almennt á ólíka upplifun kynjanna af lífi og reynslu sem innflytjandi sambærilegum rannsóknum hefur fjölgað á síðustu tveimur áratugum. Áður fyrr var ekki tekið sérstakt tillit til reynslu og upplifunar kvenna og ekki litið sérstaklega til upplifunar þeirra í kenningum fræðimanna á fólksflutningum.

Það er munur á upplifunum milli karla og kvenna í hópi innflytjenda. Aðlögunin er allt önnur hjá konum heldur en hjá körlum. Það er miklar líkur á að konan verði einangraðri vegna þess að hún hefur minni tengsl við samfélagið þar sem að karlmaðurinn er almennt útí vinnandi á meðan konan er heima að sjá um börnin og húsverkin. Þar að auki væri það aukið álag á konurnar ef þær færu að vinna ásamt því að sjá um heimilið. Það eru meiri líkur að konur verði þunglyndar heldur en karlar vegna álags frá vinnu og heimili samkvæmt könnuninni hjá Noh, Wu, Speechley og Kaspar (eins og vísað er til í Dion og Dion, 2001)

Það má jafnvel greina mun á milli dætra og sona innflytjenda. Reynt er að hafa stjórn á hegðun stelpnanna á meðan strákarirnir fá að gera það sem þeir vilja. (Dion og Dion, 2001) Anna, einn af viðmælendum mínum, sem á foreldra frá Kína en býr í

Hollandi, upplifði það sama með eldri bróður sinn. Hún fann mun á því hvernig foreldrar hennar komu fram við hana og bróður hennar. Hvað hún mátti gera sem stelpa og hvað hann mátti gera sem strákur.

Það er meira krafa á aðra kynslóð kvenna að haga sér á viðeigandi hátt fyrir foreldranna heldur en gerð er til stráka af annarri kynslóð. Foreldrarnir þvinga hefðum og siðum á dætur sínar og ætlast til þess að þær hagi sér samkvæmt þessum hefðum og siðum. Þetta getur valdið menningarlegri togstreitu og deilum milli foreldra og stúlkubarna. (Dion og Dion, 2001) Annað dæmi nefnir María, viðmælandi minn, þar sem hún á aðeins systur. Hún segist hafa upplifað mikið frelsi hvað varðar t.d. val á framhaldsnámi. Amma hennar og afi, sem eru frá Taívan, sögðu að þeim væri sama hvað hún myndi gera en ef hún hefði verið strákur þá hefðu þau viljað að hann yrði læknir. Nánar verður farið út í þetta í kaflann um togstreitu á milli menningarheima.

Almennt séð má segja að innflytjendur þurfi bæði að viðhalda hefð sinni og menningu og aðlaga sig að menningu og hefðum nýja landsins sem getur valdið togstreitu. Rætt verður nánar um það síðar í ritgerðinni. Konur virðast eiga í meira basli við þessa aðlögun vegna einangrunar (e. marginality) frá nýja samfélaginu. Aftur á móti bjóðast mörg tækifæri fyrir konurnar sem þær hefðu ekki fengið ef þær væru ennþá í heimalandi sínu. Það eru fleiri tækifæri til þess að mennta sig meira og fá betri vinnu. Með því að búa í jafnréttissinnaðra landi geta konurnar einnig öðlast meira sjálfstraust og sjálfstæði. Í sumum tilfellum þá uppgötva eiginkonurnar að þær hafi fleiri valmöguleika heldur en að vera áfram giftar eiginmönnum sínum. Ástæðan fyrir því að þær hafa verið í hjónabandi er oft sú að eiginmennirnir tryggja þeim fjárhagslegt öryggi en hafa á sama tíma ákveðið fjárhagslegt vald. Því er áhugavert að kanna stöðu kvenkyns innflytjenda eftir að þær hafa aðlagð sig í nýja landinu.

## **2 Togstreita á milli ólíkra menningarheima**

Yngri kynslóð kvenna upplifir meiri togstreitu. Þær þurfa að glíma við tvo mismunandi menningaheima, þann sem er heima við og þann sem ríkir almennt í samfélaginu. Togstreitan á milli þess að vera hluti af menningu fjölskyldunnar og menningu landsins, sem viðkomandi ólst upp í jafnvel frá fæðingu, getur orðið gífurleg. Til dæmis krafan frá nýja samfélaginu að maður eigi að vita allt um landið, sem maður er ættaður frá, eins og að kunna móðurmálið reiprennandi, hvar heimalandið er nákvæmlega staðsett og fleira.

(Fountas, 2005) Togstreita þýðir samskipti milli tveggja ólíkra einstaklinga sem skynja andstæður og líta á hinn aðilann sem eitthvað sem truflar að markmiðum sé náð. (Putnam og Poole, 1987)

## 2.1 Ólíkir siðir og venjur

Hér er dæmi um hversu misjafnlega langt jafnrétti kynjanna er komið eftir löndum. Rósa er frá Taívan og var í skiptinámi í Svíþjóð. Henni fannst nokkrir þættir sem hún upplifði þar vera frábrugðið hennar venjum:

Þetta er líka áhugavert. Út af því að ég var í Svíþjóð. Þetta á reyndar við um karlmenn og kynjaflækju (e. gender complex). Þegar ég var í Svíþjóð var ég hissa að sjá karlmenn með börnunum sínum í barnavögnum. Þú sérð líka tvo menn bara labba saman í skóginum með börnin og vera að tala saman. Það var yndislegt og ég held fyrir mig, út af því að ég sé þetta ekki í Taívan, og það hvarflaði að mér að þetta væri svo mikið það sem konur myndu sjá um.

Hún tók einnig eftir því hvað karlmenn eru meira að sjá um húsverkin og eldamennskuna. Hún segir að það sé mikil munur á kynjahlutverkum heima hjá sér og löndunum, sem hún hefur heimsótt. Hérna nefnir Rósa dæmi:

Þannig séð erum við ekki með eldhús (í heimavist í Taívan) eins og í Svíþjóð. Það er mjög evrópskt. Þau eru með eldhús og slíkt. Það var þegar ég komst að því þegar við vorum að borða með vinum að strákurinn eldaði svaka vel. Ég var alltaf að hrósa þeim og þeim fannst það mjög skrítið. Þá fattaði ég, já út af því að í fjölskyldunni minni elduðu karlarnir aldrei. Þeir elduðu aldrei og pabbi minn sker ekki einu sinni guava fyrir mig. Og ég var bara, kanntu ekki að skera guava? Eins og þegar það er kínverskt nýtt ár, ekki núna, vegna þess flest okkar fara út að borða á kínversku nýju ári núna. Þetta var áður en ég fór í menntaskóla. Þetta er mjög öfgafullt vegna þess að ég man eftir aðfangadagsmatnum þá voru karlarnir í stofunni, horfðu á sjónvarpið og drukku te. Konurnar þurftu að hjálpa til við að þrifa allt inn í eldhúsinu og það var þá þegar mér fannst það skrítið. Af hverju er þetta svona öðruvísi? En ég held að svona er menning. Já, mér fannst líka konurnar og karlarnir mjög mismunandi milli landa.

Í sumum tilfellum er samþættingin mjög góð milli innflytjenda og innfæddra þannig að það er engin togstreita. Hér er dæmi um Önnu. Hún fæddist í Hollandi og hún hefur ekki upplifað mikla togstreitu á milli menningaheima. Hún er ein af yngri kynslóðinni. Spyrillinn þurfti meira að segja að reyna að finna dæmi fyrir hana þannig að hún áttaði sig betur á um hvað væri verið að spyrja. Hún segist ekki hafa upplifað slíkt þegar hún er með hollenskum vinum sínum. Ástæðan gæti verið sú að hún hefur ávallt þurft að

samsama sig við hollenska menningu og samfélag. Til dæmis frá unga aldri þurfti hún að hætta að tala móðurmálið sitt þannig að hún gæti orðið reiprennandi í hollensku. Hún segist líka eiga fleiri hollenska vini vegna þess að henni finnst hún ekki tengjast kínverskum eða asískum jafningjum sínum. Henni fannst hún tilheyra meira hópnum, þar sem að hollensku vinirnir hennar eru í. Önnur ástæða er að henni finnst hún ekki hafa verið í miklum tengslum við kínverska menningu og tengir því ekki mikið við aðra Asíubúa eða Kínverja.

Það þýðir samt ekki að hún hafi ekki upplifað einhverja togstreitu á milli ólíkra menninga. Til dæmis eru borðsiðirnir öðruvísi í Kína og Hollandi. Anna tekur sem dæmi að þegar hún var lítil, var henni ekki kennt að það væri ókurteist að smjatta því í Kína er það eðlilegt. Einu sinni þegar hún var að borða hjá fjölskyldu vinkonu sinnar þá hafði hún verið að smjatta á fullu og fjölskylda hennar störfu á hana og hlógu að henni. Eftir matinn hennar þá spurði vinkona hennar hvort að hún hafði aldrei lært að borða með lokaðan munn.

## 2.2 Fjölskylduhefðir

Það sem að ég tók eftir bæði í viðtalinu hennar Önnu og Maríu að þær upplifa báðar svipaða hluti. Þær eru báðar rúmlega tvítugar. Eitt dæmi um togstreitu, sem þær hafa báðar upplifðað var mismunurinn milli fjölskylduhefða. Sem dæmi má nefna að fjölskyldan er alltaf í forgangi, það er mikilvægt að bera virðingu fyrir foreldrum sínum og eldri kynslóðinni og börn svara ekki foreldrum sínum ef þau eru ósátt. María sá mun eftir að hafa búið í Bandaríkjunum og verið í skiptinámi í Taívan að Taívanar sýna eldri kynslóðinni eins og foreldrum, ömmum og öfum hollustu. Annað dæmi sem María tekur er hvernig asískir foreldrar ráða við ágreining. Anna upplifir það sama með foreldra sína. Þegar hún reynir að rökræða við þá eru samræðurnar afar einhliða. Vegna þess að þegar hún kemur með mótrök þá segja foreldrarnir að hún sé að sýna þeim óvirðingu. Þeir hlusta ekki á það sem hún hefur að segja. Á sama tíma geta vinkonur hennar frá Hollandi átt tvíhliða samskipti við foreldra sína þar sem að þeir eru skilningsríkir og hlusta á þær.

Annað, sem ég tók eftir var að María er kristin, sem er frábrugðið mörgum Asíubúum, sem eru flestir Búddatrúar. Báðir foreldrar hennar eru kristnir og ólu því börnin sín upp í kristinni trú. Þegar hún var yngri fór hún í kirkju þar sem að margir voru hvítir. Hún segist vera meðvituð að kristin trú sé ríkjandi meðal hvíttra en henni finnst hún tengja mest við kristna trú. Í dag sækir hún kirkju þar sem söfnuðurinn er fjölþjóðlegur.

Ýmislegt tengt kristinni trú telst vera gamaldags hugsunarháttur eins og að stunda ekki kynlíf fyrir hjónaband og slíkt. Nánar um það í næsta kafla.

### 3 Væntingar til kvenna

Oftast er þess vænst að konur verði að gifta sig og eignast börn til þess að þær hafi einhvern tilgang í lífinu. Sérstaklega í Asíulöndum eru þessar væntingar ennþá til staðar hjá eldri kynslóðunum. Meðal yngra kynslóða þá er þessi hugsunarháttur voða úreltur og hugsa sumir jafnvel að þeir vilji ekki giftast.

Við (í samfélaginu) kennum stúlkum að gera minni væntingar til sjálfs sín og hvetjum þær ekki til sjálfstæðis. Við segjum við stelpur, þú mátt ekki vera of metnaðarfull. Þú ættir að stefna að því að ná árangri í lífinu en ekki ná of miklum því þá muntu ógna karlmanninum. Af því að ég er kona þá er þess vænst af mér að giftast. Sú krafa er gerð að allar ákvarðanir mínar í lífinu snúist um að hjónaband sé það mikilvægasta. Hjónaband getur vissulega verið hamingjusamt og skilningsríkt en hvers vegna kennum við stelpum að þrá hjónaband en kennum strákuum ekki það sama? Við öllum stelpur upp þannig að þær sjá hver aðra sem samkeppnisaðila um athygli kralmannsins en hvorki fyrir starfsframa né önnur afrek. Við kennum stelpum að þær geti ekki verið kynlífsverur á þann hátt eins og strákar eru. (Adichie, 2012)

#### 3.1 Yngri kynslóðin

Hugsunarháttur margra eldri kynslóða í Asíu er oftast þannig að konur verða að vera hlédrægar, hljóðar og þægar. Konur eiga ekki að tjá skoðun sína of mikið því það mun hræða karlmenn. Þær mega ekki vera of gáfaðar af því að það ógnar veldi karlmannsins og dregur úr sjálfstrausti þeirra. (Fountas, 2005) Hér fyrir neðan munum við heyra frásagnir frá konum, sem hafa upplifað svipaðar kringumstæður og talað var um.

Hér er frásögn hennar Tinu úr ritstýrðri bók, sem er safn af frásögnum kvenna af fyrstu kynslóð innflytjenda:

Frænka Susan, segir við mig: Þú veist, Tina, þú hefur hrætt David. Hann er mjög feiminn. Kínverskum strákum líkar vel við hljóðlátar og blíðar stelpur þannig að ef þú vilt eignast kínverskan kærasta þá verður þú að draga úr þessu. Þú verður að minnsta kosti að þykjast vera hlýðin og láta þá halda að þeir séu við stjórnina þar til að þú ert búin að klófesta þá. (Fountas, 2005)



Þetta kom fyrir Rósu fyrir 4 eða 5 árum síðan í Taívan þegar hún hitti gamlan kennarann sinn:

Ég fór að heimsækja gamla framhaldskólann minn og hitti einn af gömlu kennurunum mínum. Eftir að ég hafði sagt hversu heilluð ég væri af háskólanum og kennurunum þá sagði kennarinn frá framhaldsskólanum við mig: Þú veist, konur þurfa ekki að vera of gáfaðar... eða eitthvað líkt því og síðan sagði hann: Já, ég meina, strákar munu finna fyrir ógn vegna þess. Ég sagði við hann: Já, ég held að ég sé hvort sem er ekki að fara að giftast.

Annað atvik henti Rósu þegar hún fór út að borða með fjölskyldu vinkonu sinnar:

Við vorum að borða saman og ég hafði útskrifast þannig að ég var að fagna. Pabbi vinkonu minnar sagði við mig: Ah, allt í lagi fyrst að þú ert núna komin með meistaragraðu þá verður þú að finna einhvern til þess að giftast því að þú ert nú þegar búin að læra allt. Ég hugsaði með mér að þetta væri ekki endirinn.

Þetta sýnir að úrelta hugsunin er ennþá til staðar samt sem áður eru tímarnir að breytast miðað við þessar frásagnir viðmælenda. Það er ljóst að að breytingar ganga hægt en gerast smám saman en samt sem áður er þessi hugsunarháttur ennþá ríkjandi í Kína. Næsti kafli fjallar um hvernig konur eru skilgreindar ef þær eru ekki giftar fyrir ákveðinn aldur.

### **3.2 „Sheng nu“**

Orðið „sheng nu“ þýðir afgangskonur (e. leftover women). Það eru konur sem hafa ekki gíft fyrir tæplega þrítugt. Foreldrar þeirra birta myndir af dætrum sínum og auglýsa þær eins og verðlaunagripi þannig að karlmenn, sem hefðu áhuga, gætu gíft þeim. Þessar myndir eru birtar í gördum ásamt lista yfir góða eiginleika þeirra. (Ji, 2015)

Þessar ungu konur eru taldnar vera sjálfelskar, vandlátar og hafa aðeins áhuga á körlum sem eiga pening. Hugsunin ein um að dóttirin sé ekki búin að gíftast er mikil vonbrigði fyrir foreldra þeirra. Það veldur miklu álagi á dæturnar, sem leiðir til þess að þær eru litnar hornauga. Samt sem áður eru þær að brjóta niður feðraveldisviðhorf til hjónabanda. (Ji, 2015)

Tímarnir hafa breyst þar með talið viðhorfið til hjónabanda. Konur þurfa ekki lengur að gíftast einhverjum til þess að séð sé um þær. Ótrúlegt en satt, þá eru konur með skoðanir. Ein af þeim skoðunum er að þær þurfa ekkert að flýta sér að gíftast. Þær vilja fyrst og fremst klára menntun sína áður en þær þurfa að hugsa um að gíftast eða eignast börn. „Sheng nu“ konurnar eru sammála þessum skoðunum og eru álitnar vera slæm fyrirmynd vegna þessa. Vegna þess að þær vilja vera sjálfstæðar og ekki vera

skuldbundnar til þess að ganga í hjónabandi þá eru þær til skammar í samfélaginu. (Ji, 2015)

Dæmi um þetta er Fjóla, sem er frá Kaliforníu og er fráskilin. Hún nefndi eina af ástæðunum fyrir því að maðurinn hennar og hún skildu:

Ég held að það sé vegna menntunarinnar. Ég veit ekki með Bandaríkjamenn, þeir eru ekkert í samanburði en kínverskir menn eru alltaf svoleiðis, ef konan er með meiri menntun þá mun hann ávallt hugsa að hann sé lægra settur en ég og síðan vill hann ekki vera of ýtinn en hann vill valta yfir þig.

Ein af ástæðunum fyrir því hvers vegna foreldrar telja dætur sínar vera „sheng nu“ er að þær eru að verða gamlar og karlmenn vilja ungar og ósjálfbjarga konur. Nú til dags er það ekki jafnmikið vandamál fyrir konur. Það er minni þörf fyrir konur að stóla á karlana. Konur geta verið fjárhagslega sjálfstæðar og séð um sig sjálfar. Þótt að tímarnir hafi breyst þá var þetta ekki jafnauðvelt fyrir konurnar fyrir nokkrum áratugum síðan. Fjallað verður um erfiðleika viðmælandanna, Jónu og Fjólu, og hvernig þeim tókst að yfirstíga þá

### 3.3 Eldri kynslóðin

Það eru einnig staðalímyndir um konur sem eru fráskildar. Þær, sem hafa skilið eru „skemmdar vörur“ og þar sem að þær eiga börn úr fyrra hjónabandi er erfitt að vera í nýju sambandi. (Hwang, 2007) Samt sem áður heyrir mér að konur sem hafa skilið í löndunum sem þær hafa flust til reynist þeim betur heldur en ef þær hefðu skilið í heimalandinu. Tekið var viðtal við tvær konur, sem eru fráskildar en skildu á mismunandi tímum. Ein skildi á níunda áratugnum og hin skildi fyrir 4 eða 5 árum.

Fjóla sem að skildi á níunda áratugnum upplifði meiri kröfur frá fjölskyldunni sinni heldur en Jóna, sem að skildi fyrir 4 eða 5 árum. Það tók Fjólu 10 ár að skilja við manninn sinn. Vegna athugasemda vina og fjölskyldu varðandi það að hún ætti ekki að skilja sem skapaði hjá henni efasemdir og hún varð óörugg yfir því hvað hún ætti að gera. Hún var líka hrædd um að skilnaður gæti haft áhrif á dóttur hennar sem var 6 ára. Hún velti því fyrir sér hvort að dóttir hennar myndi taka sömu ákvarðanir og hún varðandi skilnað í framtíðinni. Vinkonur hennar sættu sig við það þegar hún skildi en samt sögðu þær við hana að hún ætti að finna einhvern mann sem myndi gera allt fyrir hana. Að hún þyrfti ekki að vera svona sterk. Fjóla sagði í viðtalinu við mig:

Ég veit ekki... jafnvel vinkonur mínar sem eru konur, er það ekki? Við hugsum að konur, þær munu samþykkja því sem þú hefur gert, er það ekki? En þær segja samt, nei, þú ert kona, þú ættir að finna þér mann og láta hann gera allt. Ekki vera svona sterk, ekki vera kona, sterk kona, eins og þú hafir

gert mistök. Þær eru nú þegar með það í huga. Aðeins aðrar konur með sömu hugsun og ég er vegna þess að þær eru einnig fráskildar. Vegna þess að þær sjá að eiginmennirnir þeirra eru með vandamál líka þannig að þær eru sammála þér og segja, ó, þú hefur rétt fyrir þér. Samt sem áður ef aðrar konur eru með góða fjölskyldu og mann, sem er góður, munu þær hugsa að þú hafir rangt fyrir þér. Þetta eru tveir hópar og öðruvísi samtöl. Á þessum tíma var ég ringluð líka og hugsaði: Eh, er þetta mér að kenna? Aðrir virða mig mikið og hugsa að ég muni gera rétta hlutinn og velja rétt. Þess vegna er ég heppin. Ég er hefðbundin en á sama tíma opin líka, þessir tveir eiginleikar. Þess vegna skildi ég frá borði og sæng og það voru næstum því liðinn tíu ár þegar við skildum. Við skildum því ekki endanlega fyrir en eftir tíu ár.

Jóna segist ekki hafa upplifað neitt neikvætt eftir skilnaðinn. Henni finnst tímarnir hafa breyst. Kínverjar myndu dæma þig ef þú hefðir skilið en í Hollandi eru þeir umburðarlyndari. Fyrir löngu var það yfirleitt maðurinn sem að sá um konuna þannig að ef þau skildu þá þurfti konan að flytja aftur til foreldra sinna. Fólk leit það hornauga á þeim tíma en nú til dags eru konurnar fjárhagslega sjálfstæðari þannig að þær geta séð um sig sjálfar. Hjónin gera vanalega kaupmála þannig að þau skipta eigum sínum. Eitt af því sem gerði skilnaðinn auðveldari var að börnin hennar voru orðin fullorðin þannig að hún þurfti ekki að hafa áhyggjur af þeim.

Fjóla og Jóna eru báðar fráskildar og eiga börn frá fyrri hjónaböndum. Þær segja að þær hafa ekki heyrt margar neikvæðar athugasemdir varðandi skilnaðinn þeirra. Það er það sem mér fannst áhugaverðast vegna þess að ég átti von á því að þær hefðu upplifað einhverjar upptökur.

Út frá þessum frásögnum kvennanna af eldri kynslóðinni má sjá að tímarnir hafa breyst. Eitt sem að vakti athygli mína, var það sem Fjóla nefndi um dóttur sína. Spurt var hvort að Fjóla teldi sig vera fyrirmynd dóttur sinnar og taldi hún svo vera. Hún hafði áhyggjur af því að dóttir hennar myndi taka slæmar ákvarðanir eins og hún sagði frá hér fyrir ofan. Hinsvegar hefur Fjóla tekið eftir því hversu sterk dóttir hennar er og jafnvel sterkari en hún sjálf. Eftir skilnaðinn hafði hún spurt dóttur sína hvort að hún vildi eignast bróður. Dóttir hennar spurði á móti hvort að hún þarfnaðist karlmanns. Fjóla neitaði því þá sagði dóttir hennar að hún þyrfti ekki heldur bróður. Að mínu mati sýndi þetta mér hversu sterkar og sjálfstæðar þær eru. Það var meira eða minna enginn karlmaður til staðar í lífi þeirra. Þær hafa alltaf verið tvær og veitt hvor annarri stuðning. Konur eru á uppleið, þar sem þær finna meira fyrir að jafnrétti kynja sé orðið þeim meira í hag.

Mikilvægur þáttur í aðlöguninni er atvinnuþátttaka. Það verður skoðað nánar í næsta kafla. Tvær af viðmælendunum mínum eru fráskildar. Önnur þeirra skildi þegar börnin hennar voru fullorðin. Hin var með ungt barn og í næsta kafla verður skoðað betur

hvernig henni gekk að samhæfa það að vera einstæð móðir á vinnumarkaði með barn í skóla.

## 4 Móðurhlutverkið og þátttaka í atvinnulífi

Rannsókn hefur verið gerð í Toronto, Kanada þar sem að kínverskir innflytjendur sem þurfa að vera á vinnumarkaði finna að skólakerfið í Kanada er þeim ekki hagkvæmt þar það tekur ekki tillit til útivinnandi foreldra og er þá ekki í hag innflytjenda. „Þessi rannsókn einblínir á hvernig mæður frá Kína sem búa í Toronto vilja styðja við börnin sín og hvetja til náms samhliða því að vera útivinnandi finna ekki fyrir stuðningi frá skólanum. Skólakerfið þar gerir ráð fyrir að foreldrar taki virkan þátt í skólastarfi og fylgi börnum sínum vel eftir sem getur reynst mikið álag fyrir útivinnandi mæður sem bera höfuðábyrgð á uppeldi barnanna.“ (Salaff, Greve og Chen, 2007) Vel menntaðar konur sem þurfa að flytjast til nýrra landa vegna fjölskyldunnar meðal annars til þess að gefa börnum sínum betri tækifæri, þurfa að fórnar miklu. Þær yfirgefa jafnvel góð störf í leit að betra lífi. Menntakerfið í Asíu hefur aðlagð sig betur að lífi útivinnandi mæðra og eftir að hafa flutt til dæmis til Kanada upplifa mæðurnar mun meiri ábyrgð þar sem menntakerfið er öðruvísi heldur en í Asíu. Mæðurnar þurfa að læra á nýtt skólakerfi ásamt því að aðlaga börnin og styðja. (Salaff, Greve og Chen, 2007)

### 4.1 Reynslusögur eldri kynslóða

Gerður verður samanburður milli þriggja kvenna sem eru af eldri kynslóðinni. Fjóla er frá vesturströnd Bandaríkjanna, Jóna frá Evrópu og Sara frá einu Norðurlandanna. Skoðað verður hversu misjafnlega þeim gekk að vera útivinnandi á meðan börnin þeirra voru í skólanum. Fjóla starfar í banka og hefur unnið þar í langan tíma. Jóna er sjálfboðaliði á elliheimili en hefur verið að flakka mikið milli starfa. Sara hefur líka flakkað milli starfa og er nú húsmóðir þar sem hún er að nálgast eftirlaunaaldur og erfitt að finna nýja vinnu á þeim aldri.

Fjóla virðist vera sú, sem hefur náð lengst í starfsframa sínum. Hún er núna yfirmaður allra gjaldkera í bankaútibúinu þar sem hún starfar. Eftir að hún kom til Bandaríkjanna, skráði hún sig í kvöldskóla fyrir grunnám í bókhaldi. Hún fékk hlutastarf sem aðstoðarmaður í banka sem varð að vera í fullu starfi eftir að hún útskrifaðist. Fjóla hefur aldrei hugleitt að verða bókarari vegna þess að hún vildi vera meira í samskiptum við fólkið og þess vegna ákvað hún að halda áfram að starfa sem gjaldkeri. Eftir að hafa verið

í skrifstofustarfi þá myndi hún aldrei vilja vinna þannig aftur. Hún giftist tæplega þrítug sem er frekar seint miðað við aðrar konur á þessum tíma. Hún sagðist hafa vilja klára námið sitt fyrst áður en hún giftist sökum þess ef hún hefði gift fyrst þá hefði hún mögulega þurft að hætta í skólanum.

Jóna flutti til Hollands til þess að fá hærri laun vegna þess að hún var ekki að afla nægra tekna í Kína. Hún flutti til Hollands með manninum sínum og skildi son sinn eftir hjá systur sinni heima í Kína. Hún og maðurinn hennar höfðu ákveðið að þegar þau hefðu aflað nægilegra tekna og safnað pening myndu þau snúa aftur til Kína og kaupa sér hús. Óvænt varð Jóna ólétt af öðru barni þeirra. Vegna einbirnisstefunnar þá ákvað hún að vera um kyrrt í Hollandi og mun ég fara nánar í það í næsta kafla. Nú til dags er Jóna sjálfboðaliði á elliheimili en með því að gerast sjálfboðaliði fær hún styrk eða bætur frá ríkinu. Hún hefur átt erfitt með að finna vinnu uppá síðkastið vegna þess að hún er ómenntuð, talar ekki reiprennandi hollensku og er með gigt. Í viðtalinu var hún spurð hvort það væri eitthvað í lífi hennar sem hún hefði viljað breyta. Hún segir að hún hefði verið til í að finna góða vinnu og afla nægra tekna út í Kína. Hún hefði viljað komast hjá því að flytja ekki til Hollands og getað verið kyrr í Kína en þar sem að Mao Zhedong var ennþá við völd þá þurfti hún að flytja. Ef að Deng Xiaoping hefði ríkt hefði hagkerfið verið miklu betra fyrir hana til þess að finna góða vinnu og lifa betra lífi.

Sara var í skóla í Víetnam og hætti námi þegar að hún gifti sig um tvítugt. Hún segist ekki hafað hugsað út í að fara í frekara nám vegna þess að hún hefur alltaf séð sig í móðurstarfinu. Það hljómaði eins og eftir að hún gifti sig hafi hún ekki séð neinn tilgang að halda áfram í námi. Samt sem áður var hún á miklu flakki milli starfa þegar hún kom til Íslands sem voru allt frekar lágt launuð störf. Sara starfaði mikið í fiskiðnaðinum. Hún starfaði einnig við ræstingar í skóla, í þvottahúsi, sem afgreiðslumaður í verslun og fleira. Eftir seinasta starfið sitt ákvað hún að vera húsmóðir og sjá um börnin sín.


## **4.2 Erfiðleikar hjá innflytjendum í hópi kvenna á vinnumarkaði**


Á síðu Hagstofunnar segir að innflytjendur fái 8% lægri laun heldur en innlendir. Þessi grein er síðan í mars 2019. Í greininni er tekið fram innflytjendur frá Asíu fái lægstu launin sem er að jafnaði 7% lægri en almennt gerist. (Hagstofan, 2019) Oftast eru það erlendar konur sem fá lægstu launin vegna þess að innflytjendur vinna aðallega störf sem aðrir sækja ekki í. Önnur ástæða er vegna tungumálaerfiðleika þá eru minni líkur að innflytjendur fái störf sem snúast aðallega um samskipti. (McCall, 2001)

Mestu líkurnar eru að konur frá Asíu eða Suður-Ameríku fá verstu störf in á vinnumarkaðinum. (McCall, 2001). Konur af erlendum uppruna, sem eru falla undir minnihlutahóp, hafa lítil völd á vinnumarkaðinum og þess vegna er auðvelt að misbeita þær valdi. Til dæmis hvað varðar laun og vinnutíma (SGS, 2018) Önnur ástæða fyrir því hvers vegna erlendar konur fá láglæuna störf er vegna þess að menntun þeirra frá heimalöndum er ekki metin þar sem þær hafa sest að. (Man, 2004)

Þrátt fyrir að konur séu vel menntaðar og hafi verið hátt settar í góðu starfi í heimalandi sínu eiga þær erfitt með að fá menntun sína metna og koma til greina í jafngóð störf. Tekið er dæmi um innflytjendur í Kanada, sérstaklega konur, sem eiga erfitt með að finna starf sem er sambærilegt því starfi sem þær unnu í heimalandi sínu. Þar af leiðandi þurfa þær að starfa við eitthvað sem þær eru alltof menntaðar fyrir að sinna. Þetta fyrirbæri er kallað á ensku „deskilling.“ (Man, 2004)

„...þessi (e. deskilling) er flókið ferli alþjóðavæðingar og efnahagsuppbyggingar og áhrifa milli þátta eins og kyns, kynþáttar, þjóðernis, stéttar og ríkisborgararéttinda. Opinberar stefnur og ferli t.d. á faggildingu fyrri menntunar, ástand á vinnumarkaði og sú krafa að starfmenn hafi „kanadíska reynslu“ hefur áhrif á að kyn og kynþáttur innflytjenda jaðarsetur konur í hópi kínverskra innflytjenda.“ (Man, 2004) Margir af börnum innflytjenda eru í jaðarhópnum þegar rætt er um vinnumarkaðinn. Konur eru í meirihluta, sem sést hér á mynd 3





Mynd 3 (OECD, 2007). Þessi mynd sýnir einstaklingar, sem eru með litla menntun og hvorki í vinnu né skóla.

Einn af þáttunum sem hefur áhrif á atvinnulífið er hjónaband. Það verður rætt frekar um það í næsta kafla þar sem að hjónaband og barneignir geta valdið miklu álagi á konurnar. Lagalega séð hér áður fyrr gæti verið að kvenmenn högnuðust jafnvel ekki hvorki á því að vera í hjónabandi né að eignast börn vegna einbirnisstefnunnar.

## 5 Lagareglur

### 5.1 Skipulögð brúðkaup

Árið 1949 höfðu stofnendur Alþýðulýðveldisins Kína (e. People's Republic of China) þá stefnu að bæta stöðu kvenna og gefa þeim meira frelsi til að velja sér mann til þess að giftast. Ný hjúskaparlög voru sett 13. apríl 1950, sem segja að hjónaband sé byggt á valfrelsi, ætti að vera einkvæni, að bæði kynin ættu að vera jafn rétt há og tvíkvæni, barnagiftingar og heimanmundir væru bannaðir. (Bullough og Ruan, 1994)

Þótt að þessi lög hafi verið sett fyrir tæplega sjötíu árum síðan þá þýðir það ekki að fólk hafi fagnað þeim. Sérstaklega íhaldssama fólkið sem vildi ekki breyta neinu og halda sig við hefðirnar. Samkvæmt rannsóknum höfðu skipulögð brúðkaup verið algeng eða um 2/3 af skipulögðum brúðkaupum í þéttbýlum og enn hærri prósentu í dreifbýlum, sérstaklega hjá þeim sem voru ekki fjárhagslega vel staddir. (Xu A., Xiaolin X., Wenli

L., Xia Y. og Dalin L., 2007) Samt sem áður hefur skipulögðum brúðkaupum fækkað í dreifbýlum og enn fremur í þéttbýlum eins og sést á mynd 4.

	Cities		Rural Areas	
	Beijing and four other cities	Beijing and six other cities	Gansu	Guangdong
	1982	1992	1996	
Through Parents	17.6	4.3	60.8	2.1
Through Relatives	22.6	21.4	16.6	20.5
Through Match-Makers		7.7	0.8	25.2
Through Friends	36.0	33.4	8.4	21.4
Own Self	23.0	32.0	12.9	30.3
Through Work	0.8	1.2	0.0	0.1
Through Agencies		0.1	0.0	0.0
Others			0.5	0.4
Total	100.0	100.0	100.0	100.0
N	4878	5476	1330	1537

Mynd 4 (Xu A., Xiaolin X., Wenli L., Xia Y. og Dalin L., 2007. Sjá einnig Pan (1987); Shen & Yang (1995); Xu (1997) ) Þessi mynd sýnir hvernig hjónabönd hafa verið skipulögð í Kína á árunum 1982-1996.

Tveir af viðmælendunum mínum voru giftar í skipulögðu brúðkaupi þær Sara og Jóna. Hjá Jónu var hjónabandið skipulagt af foreldrum hennar. Þetta var ekki þvingað hjónaband heldur var það í gegnum fyrirbæri, sem er kallað „xiangqin.“ Þótt að hefðbunda leiðin af „xiangqin“ það er einn á móti einum á skipulögðu stefnumóti sé ennþá til og Jóna fór á slíkt stefnumót, þá hafa margskonar nýjar leiðir af „xiangqin“ orðið til. Eins og stefnumótasiður og margt fleira. (Zheng, 2013) Foreldrar hennar Jónu skipulögðu þetta „xiangqin“ í von um að það yrði hjónaband úr þessu

Sara var á tvítugsaldri þegar hún gifti sig í Víetnam. Þetta var kringum sjötta áratug síðustu aldar. Ættingjar mannsins hennar komu oft í heimsókn og reyndu oft að skipuleggja giftingu hans og Söru. Sara er næstelst af systkininum sínum og elst af systurum sínum. Á endanum ákvað hún og maðurinn hennar að samþykkja þetta. Þau eru ennþá gift og hafa verið það í rúmlega 40 ár. Stuttu eftir giftingu, þurftu þau að flýja vegna Víetnamstríðsins og hafa búið meirihluta ævinnar á Íslandi. Hún hefur aldrei hugleitt að skilja vegna barna sinna þótt að börnin hennar eru núna öll fullorðin og geti



séð um sig sjálf. Hún er ánægð að sjá börnin sín vaxa upp og vonar að þau hafi það gott í framtíðinni.

## 5.2 Einbirnisstefnan

Önnur lög hafa einnig haft mikil áhrif á hjónabönd en það er einbirnistefnan. Stefnan felst í því að eingöngu var leyfilegt að eignast eitt barn á hver hjón vegna fólksfjölgunar í Kína. Vegna einbirnisstefnunnar urðu meiri kröfur á konuna að eignast stráka. Ef vitað var hvert kyn væntanlegt barn var og það var kvenkyns þá var oftast ákveðið að framkvæma þungunarrof og konur jafnvel þvingaðar til þess. Einnig kom það fyrir að stúlkubörn voru deydd eftir fæðingu. (Anagnost, 1988) Mörg af stúlkubörnunum hafa verið yfirgefnar af foreldrum sínum, þar með eru þær kallaðar „týndu stelpurnar“ (e. missing girls). Það fyrirbæri er vegna hækkaðra kynjahlutfalls og ríkjandi vals á strákum heldur en stelpum. (Ebenstein, 2010) Þessar stúlkur eru oftast skildar eftir á munaðarleysingjahælum. (Hesketh og Zheng, 2016)

Sökum einbirnisstefnunnar ákvað Jóna að vera kyrr í Hollandi. Hún átti stráka út í Kína, sem var hjá ömmu sinni og afa á meðan hún og maðurinn hennar voru að vinna í Hollandi. Jóna varð síðan ólétt af öðru barninu sínu þegar hún dvaldi í Hollandi. Eftir mikla umhugsun þá ákvað hún að vera kyrr í Hollandi. Vegna einbirnisstefnunnar hefði hún þurft að borga gífurlega háan skatt fyrir annað barnið sitt en með því að ákveða að vera áfram í Hollandi þá var engin þörf á því að borga. Öll fjölskyldan flutti til Hollands og síðan fæddist hún Anna í Hollandi.

## 5.3 Tvíbirnisstefnan

Í október árið 2015 var einbirnisstefnunni breytt í tvíbirnistefnu. Með þessari lagabreytingu urðu fleiri gallar heldur en kostir fyrir konurnar. Kostirnir voru að vegna einbirnisstefnunnar hafði velferð barnsins verið í óhag þess. Foreldrar, ömmur og afar höfðu ofdekrað barnið sem leiddi til þess að barnið varð dekrað, sjálfelskt, félagsfælið og þjáðist af offitu. Slík börn eru kölluð litlu keisararnir (e. little emperors). Rannsóknir hafa samt sýnt ólíkar niðurstöður. (Zeng og Hesketh, 2016)

Vegna færri fæðinga hefur dánarhlutfall mæðra lækkað á seinustu 30 árum. (World Health Organization, 2012). Konur högnuðust afar mikið á félagslegum framförum eftir gildistöku einbirnisstefnunnar. Þar af leiðandi tók jafnrétti kynjanna

miklum framförum á sviði menntunar og starfsframa kvenna. Lítil frjósemi hefur aukið tækifæri kvenna til þess að vera í vel launuðu starfi og öðlast aukinn starfsframa. Konur eru meira en fjórðungur framkvæmdastjóra í miðlungs- eða stórfyrirtækjum í Kína. (Zeng og Hesketh, 2016)

Hjá yngri kynslóð kvenna, er meira rætt um menntun og skóla. Það reynist mörgum börnum innflytjenda erfitt að læra í skóla vegna tungumálaerfiðleika (Westra og Sigrún Erla Egilsdóttir, 2019). Þess vegna ákveða börnin frekar að fara að vinna heldur en að fara í framhaldsnám að loknum grunnskóla sem fjölgar vinnuafli í landinu en eykur líkurnar á að þessi einstaklingar vinni í láglauna störfum. Vegna þess að börn innflytjenda fá lægri laun fyrir sömu hæfni og menntun heldur en börn innfæddra á vinnumarkaðnum. (Liebig og Widmaier, 2009) Fjallað verður meira um þetta í næsta kafla.

## **6 Skólaganga**

Það getur reynst börnum erfitt að koma til nýrra landa og þurfa að læra allt uppá nýtt. Eins og tungumálið, allar óskráðu reglurnar og kynnast menningu þessa nýja lands. Þessi breyting getur verið yfirþyrmandi fyrir þau, sérstaklega unglingana sem hafa vanist öllu í heimalandi sínu. Erfitt er að fara frá vinum sínum og þurfa að aðlagast í nýju umhverfi. (Pong og Hao, 2007) Það er auðveldara fyrir yngri börnin, sem vita ekki alveg hvað er að gerast og eiga auðveldara með að aðlagast. Ung börn eru fljótari að meðtaka hluti og læra eins og t.d. tungumálið. Samþætting hjá börnum er auðveldari og þess vegna á önnur kynslóð innflytjenda betri og meiri samskipti við fólk í samfélaginu. (Portes og Rivas, 2011)

### **6.1 Tungumálaörðugleikar**

Samkvæmt grein hjá Hagstofunni eru mun færri innflytjendur sem að útskrifast úr framhaldsskólum. Árið 2016-2017 voru 16,5% einstaklinga sem útskrifuðust úr framhaldsskóla fæddir erlendis eða áttu annað foreldri sem var erlent og innflytjendur voru 8% þeirra sem að útskrifuðust. (Hagstofan, 2019)

Út frá myndskrá 1.2 sést að skólasókn innflytjenda er töluvert lægri heldur en hjá öðrum nemendum. Ein af aðalástæðunum fyrir því að innflytjendur eiga erfitt með námið er vegna tungumálsins. Meginforsenda fyrir því að vel takist að aðlagast í nýju landi er að læra tungumálið. Hins vegar vill maður einnig viðhalda móðurmálinu sem getur reynst erfitt í löndum þar sem eitt tungumál er ríkjandi. (Portes og Rivas, 2011)

Til dæmis segir Anna í viðtalinu sínu að kennarinn hennar hafði sagt við foreldra hennar að þau ættu ekki að tala mikið kínversku við hana. Þau ættu að tala eingöngu hollensku við hana svo að hún gæti fengið meira þjálfun þannig að hún gæti orðið betri í hollensku. Þar af leiðandi gleymdi hún allri kínverskunni og kunni aðeins hollensku.

Margir telja að það sé ókostur að viðhalda móðurmáli einstaklinga. Það væri hagstæðast fyrir aðra kynslóð innflytjenda að ná fullum tókum á að tungumáli landsins þar sem maður býr. Þar af leiðandi er mjög algengt að önnur kynslóð innflytjenda kunni ekki móðurmálið sitt. (Portes og Rivera, 2011)

María og fjölskyldan hennar eru gott dæmi um samlögun (e. assimilation). Mamma hennar er kantónsk og pabbi hennar er tævanskur. Hún á tvær systur, eina yngri og ein eldri, sem fæddust í Bandaríkjunum. Þau búa öll í Bandaríkjunum. María er fjórða eða fimmta kynslóð innflytjenda í móðurætt sem þýðir að mamma hennar fæddist líka í Bandaríkjunum. Pabbi hennar kom til Bandaríkjanna þegar hann var 14 ára. Samt sem áður kann bara einn þriðji af börnum þeirra mandarín, sem er hún María. Reyndar kunna foreldrar hennar ekki mandarín heldur en pabbi hennar kann að tala tævönsku. Hann hefur samt ekki kennt börnum sínum tungumálið. Foreldrum hennar fannst það ekki mikilvægt fyrir þá að varðveita mandarín og það er ekki þess vegna sem María talar hana heldur vegna áhuga hennar á tungumálinu. Ég tel hana samt vera hluta af samþættingu frekar en samlögun. Hún segir að það hafi verið hluti af fjölskyldunni sem vildi kunna mandarín vegna þess að þau litu öðruvísi út heldur en allir hinir sem voru hvítir. Þau búa í úthverfi, þar sem meirihluti íbúa eru hvítir. Það hafði þó meiri áhrif að þau vilja falla inn í samfélagið líkt og hvíta fólkið. Fjölskyldan eru líka stolt af því að vera Bandaríkjamenn og tala eingöngu ensku og foreldrarnir kunna góða ensku.

Rannsókn hefur þó sýnt að tvítýngi og hærri vitsmunaleg þróun (e. higher cognitive development) tengjast saman. Einnig tengist það að hafa full tók á tveimur tungumálum auknu sjálfstrausti og betri námsárangri hjá unglingum. Engin augljós niðurstaða hefur komið í ljós, samt sem áður sést að reiprennandi tvítýngi er jákvætt og hefur gífurleg áhrif á síðari námsárangur. (Portes og Rivera, 2011)

## 6.2 Óaðgengileg menntun

Eitt dæmi um þetta má sjá í frásögn Önnu sem sagði frá því þegar hún var að ákveða í hvaða framhaldsskóla hún ætlaði í. Í framhaldsskólum í Hollandi þá eru notuð ákveðin stig þar sem allir nemendur eru settir í. Stigin eru lægsta, miðlungs og hæsta. Anna var með eina af hæstu einkunnum í bekknum þannig að augljóst var að hún færi í hæsta stig.

Kennarinn var ekki sama sinnis og ákvað að setja hana í annaðhvort lægsta eða miðlungs stigið vegna vanþekkingar hennar á sumum þáttum. Sem dæmi má nefna þá vissi hún ekki mikið um heimsfréttirnar vegna þess að foreldrar hennar, sem eru ómenntaðir, töluðu ekki mikið um það við hana. Oftast við matarborðið tala foreldrar manns um hvað er að gerast í heiminum en þannig var það ekki heima hjá Önnu. Stjúpfaðir hennar taldi þetta vera kolranga og ósanngjarna ákvörðun hjá kennaranum þannig að hann hringdi í kennarann og lét hann breyta þessu. Kennarinn sem hafði litla trú á henni og sá ekkert athugasvert við ákvörðun sína, sagði við stjúpföðurinn: Já, allt í lagi, set hana á hæsta stig og hún getur síðan bara farið niður um stig ef hún nær þessu ekki.“ Henni tókst síðan alveg að útskrifast á hæsta stigi úr framhaldsskóla.

Þrátt fyrir þetta dæmi um Önnu þá eiga fleiri í erfiðleikum með námið vegna þess að samþættingin er ekki nógu mikil, sem leiðir til þess að það er erfiðara fyrir einstaklingana. Flest tilfelli snúast um vandamálið að tengjast samfélaginu, þar með talið skólum og umhverfi. (Portes og Rivera, 2011) Telja má að þetta vandamál sé til dæmis til staðar á Íslandi.

Fyrir nokkrum árum kannaði ég hvað voru margir innflytjendur í framhaldsskólum. Hafa skal í huga að upplýsingarnar sem fengust frá skólunum eru ekki nákvæmar. Ástæðan er sú að ekki eru allir innflytjendur skráðir sem innflytjendur vegna þess að þeir eru af annarri kynslóð innflytjenda þannig að þeir fæddust hér á landi og margir eru nú þegar komnir með íslenskan ríkisborgararétt. Þar af leiðandi er erfitt að sjá það í kerfinu hjá skólunum.

Út frá þessari rannsókn þá tók ég eftir því að fleiri voru í fjölbrautaskólum heldur en í þeim fjóru menntaskólum sem ítrekað flokkast sem „vinsælustu“ framhaldsskólarnir. Þessir fjórir skólar eru Kvennaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn í Reykjavík, Menntaskólinn við Hamrahlíð og Verzlunarskóli Íslands.

Í skýrslu hjá Rauða Krossinum, stendur að sumir skólar sem taka á móti flóttamönnum hafi tilhneigingu til þess að senda nemendur, sem eru flóttamenn, á starfs- eða tæknibraut og burt frá fræðilegum námskeiðum. Þetta getur haft áhrif á seinni tíma tækifæri til þess að hvetja flóttamenn til þess að öðlast menntun. Það sést að í íslensku menntakerfi skortir tækifæri fyrir innflytjendur og flóttamenn til þess að fá menntun. (Westra og Sigrún Erla Egilsdóttir, 2009)

## 7 Fordómar

Rósa segir frá einu atviki sem vinkona hennar varð fyrir en Rósa var viðstödd. Hún var í kennslustund í myndlist með vinkonu sinni, sem er frá Serbíu. Kennarinn spyr vinkonuna hvað næsta verkefni hennar muni verða. Hún er oft að gera súrrealískar málningar. Vinkona hennar segir kennaranum frá hvað hún ætli að gera. Í stað þess að segja eitthvað jákvætt þá spyr hann hvort að hún sé ekki frá Serbíu og af hverju hún ætli ekki að ræða um pólitískar skoðanir í Serbíu þar sem það er mikil stórmál núna. Að hún ætti að nota ástandið í Serbíu sem innblástur til þess að gera flott verk. Vinkona hennar spyr síðan kennararnn: „Af hverju sérðu mig ekki frekar sem listamann frekar en eitthvað þægindasvæði frá Serbíu og að ég þurfi að notfæra mér það? Henni finnst fordómar birtast í hlutum eins og þessum. Hún skilur samt að þegar maður er einhvers staðar annars staðar en í heimalandi sínu þarf maður að gerast fulltrúi þess. Samt sem áður finnst henni færanleikinn og fjölbreytileikinn vera mikill þannig að það er kannski óþarfi að þurfa að vera fulltrúi heimalands síns í öllu sem maður gerir.

María og Anna upplifðu svipaða hluti. Tekin er dæmi um útlit þeirra og vegna þess að þær eru asískar í útliti er búist við því að þær tali ekki tungumálin sem töluð eru í Hollandi sem eru enska og hollenska. Það er alltaf töluð enska við Önnu þótt að hún tali reiprennandi hollensku. Hún verður oft ringluð hvort að hún eigi að halda áfram að tala ensku eða skipta yfir í hollensku. Jafnvel þótt að hún tali hátt og skýrt á hollensku er eins og viðmælendur hennar heyri ekki í henni og halda áfram að tala ensku við hana. Mér fannst það sem María nefnir vera gott dæmi um það hvernig manni líður við slíkar hugsanir. „Að vera komið fram við mann eins og ég sé ekki Bandaríkjamaður (þar sem hún er fædd) eða komið fram við mann eins og ég sé ekki manneskja...“

Milli yngri og eldri kynslóða tók ég eftir því að svörin voru öðruvísi. Gefið var í skyn að eldri kynslóðin tæki minna eftir fordómum heldur en yngri kynslóðin. Anna sagði einmitt það sem var afar athyglisvert á meðan hún var að þýða fyrir mömmu sína, Jónu, í viðtalinu hennar. Hún sagði að það gæti verið að Jóna taki ekki eftir fordómunum vegna þess að hún skilur ekki hollensku það vel. Ég fékk svipaða tilfinningu varðandi Söru þegar ég var að taka viðtal við hana. Hún segist ekki heldur hafa upplifað mikla fordóma á Íslandi en ég held að hún átti sig ekki á að þetta séu fordómar. Hún talar líka bjagaða íslensku þannig að það gæti verið að hún skilji ekki heldur.

## 8 Félagslífið

Það getur reynst erfitt fyrir innflytjendur að eiga samskipti við hina innfæddu. Aðalástæðan er vegna tungumálaörðugleika sem getur leitt til aðskilnaðar eða einangrunar. Sumir eru félagslyndir og eiga auðvelt með að kynnast fólki, samt sem áður er oftast erfitt að taka frumkvæði á að hefja samtalið. Sérstaklega þegar innflytjandi sem hefur ekki full tök á ríkjandi tungumáli er í stórum hóp fólks sem talar ríkjandi tungumál þá getur innflytjandinn upplifað að vera ekki fullgildur þátttakandi í hópnum eða samfélaginu. Þetta er líklega erfiðara fyrir yngri kynslóðina eins og til dæmis á unglingsárunum.

Til dæmis tók ég eftir því, sem Rósa og Anna sögðu, var svipað. Þær eru á svipuðum aldri en eiga heima í ólíkum heimsálfum. Rósa býr í Asíu, þar sem að Asíubúar eru hlédrægnari og frekar félagsfælnir. Anna býr í Evrópu, þar sem að Evrópubúar eru opnari og félagslyndir. Í einni rannsókn (Chao, 2000) segir að evrópskum og amerískum mæðrum var annt um að láta barnið sitt „finnast vera elskað,“ „byggja upp sjálfstraustið,“ „að veita örvandi og lærdómsríkt umhverfi,“ og hvetja börnin að vera með sjálfstæða hugsun, eins og tala um tilfinningar sínar og tjá þarfir sínar. Samt sem áður var Anna uppalin af kínverskum foreldrum en er með vott af evrópsku hugsuninni í sér. Þetta útskýrir líka þegar þær segja báðar að þeim finnist þægilegra að vera í litlum hópum eða einar með einhverjum heldur en stórum. Það er samt alveg skiljanlegt að mörgum finnst betra að vera í smærri hópum heldur í stórum, þar sem að öll athyglin beinist að manni.

### 8.1 Kynslóðabilið

Sökum kynslóðabilsins, sem hægt er að skilgreina sem bil milli eldri- og yngri kynslóða eru upplifanir og reynslur kvennanna mismunandi. Eldri kynslóðin á það til að halda fast í gamlar siði og venjur og á því erfitt með tengjast innfædda fólkinu, til dæmis eins og mæður. Mismunurinn sést jafnvel í ólíku uppeldi á milli kínverskra innflytjendamæðra og hjá evrópskum og amerískum mæðrum. Hjá kínverskum mæðrum er meira um eftirlit og leiðsögn fyrir barnið frekar en tilfinningar og líkamlegar „sýnileika“ eins og að hrósa barninu, knúsa og kyssa barnið í virðingarskyni. (Chao, 2000) Þetta er samt mjög persónubundið og fer eftir því hvernig manneskja þú ert.

Sem dæmi þá er Fjóla afar félagslynd en hún segir að foreldrar í Víetnam hafi aldrei knúsað eða kysst hana þegar hún var lítill. Það var samt menningin á þessum tíma segir hún. Nú til dags, er Fjóla afar ástúðleg við dóttur sína og yngri kynslóðina. Hún fæddist í Víetnam en flúði til Bandaríkjanna þegar Víetnamstríðið var í gangi. Hún var

mjög virk þegar hún var ung. Hún var í ballet og körfubolta þegar hún var í Víetnam og átti marga vini í tengslum við það. Hún segist ekki eiga erfitt með að eignast vini og það myndi ekki breytast ef að hún væri ennþá í Víetnam. Enda er hún í vinnu sem krefst mikilla mannlegra samskipta og henni finnst gaman að hjálpa fólki með vandræði sín.

Eftir viðtölin við Jónu og Söru var einhver vísbending um aðskilnað (e. separation) frá þeim báðum. Til dæmis eiga þær báðar fáa vini frá búsetulandi sínu og þær eiga erfitt með að tengjast þeim. Jóna nefndi dæmi að hún þyrfti alltaf að skipuleggja að að hitta vini sína og finna heppilega stund og stað til að hittast. Í Kína myndi maður aldrei gera það heldur kemur maður bara yfir hvenær sem er. Að bóka tíma er samt ekki bara ókostur segir Jóna heldur líka kostur til dæmis með læknaviðtöl og slíkt frekar en að bíða heillengi röð í ringlureið með engan bókaðan tíma eins og út í Kína.

## Niðurstöður og lokaorð

Niðurstöður mínar eru að þessi gamli hugsunarháttur hjá kínverskum konum er ennþá til staðar en hann er að breytast hægt og rólega. Það er aðallega eldri kynslóðin sem hugsar mest út í hefðirnar og slíkt. Það er einnig áhugavert að þessi hugsunarháttur um gamlar hefðir og feðraveldið eins og það að karlar ættu að sjá um allt saman og fleira, var byrjaður að breytast hjá eldri kynslóðinni. Ef ég tek Fjólu sem dæmi sem er á svipuðum aldri og hinar eldri konurnar, sem ég tók viðtal við, þá var hún sú eina sem að mér fannst vera með öðruvísi skoðanir. Hennar skoðanir voru líkari hugsunum yngri kynslóðarinnar. Hún var líka sú eina af eldri kynslóðinni til þess að vilja tjá skoðanir sínar. Mér fannst eins og hugsunarháttur hennar væri opnari en hjá þeim konum sem eru ennþá með feðraveldishugsun. Fjóla á vinkonuhóp sem hefur veitt henni stuðning eins og ég nefndi í kaflanum um væntingar til kvenna þegar rætt var um skilnað hennar. Fjóla, sem er fráskilin og einstæð móðir, hefur verið sjálfstæð lengi og staðið sig vel í uppeldi dóttur sinnar. Hún og dóttir hennar hafa sýnt fram á að þær eru sjálfstæðar og geta séð um sig sjálfar. Ég held því fram að dóttir hennar Fjólu fái hugsunarháttinn og skoðanir frá henni. Þess vegna trúí ég því að hinar gamaldags hefðir um að konur þurfi að gifta sig og eignast börn séu að deyja út.

Hjá yngri kynslóðinni upplifa þær samt sem áður meiri togstreitu á milli menningarheima og fordóma vegna þess að það er meiri samlögun eða samþætting hjá þeim. Þær geta ekki gert grein fyrir hvaðan þær eru sem gerir þeim erfiðara fyrir að finna

sína menningarlegu sjálfsmynd. Samt sem áður sýnir þetta kynslóðabil milli eldri og yngri kynslóða að eldri kynslóðin er að mestu leyti ennþá fastmótuð í gömlum siðum og venjum vegna feðraveldisviðhorfsins. Þó sker Fjóla sig aðeins úr hópi eldri kynslóðarinnar þar sem viðhorf hennar eru frjálsgri og opnari. Á meðan fær yngri kynslóðin meira frelsi til þess að nýta jafnréttið meira eftir að hafa búið eða kynnst löndum sem eru jafnréttissinnaðri en í Kína.

Yngri kynslóð kvenna hefur miklu fleiri möguleika sem þær geta einbeitt sér að heldur en giftingar og barnseignir. Ég hef tekið eftir því að foreldrar nú til dags taka menntun dætra sinna mun alvarlegar en áður fyrr. Fjóla hefur sagt að það sé mikilvægt fyrir dóttur sína að öðlast menntun og foreldrar Önnu og Maríu segja að þær ættu að ljúka námi áður en þær giftast. En er það alltaf markmiðið að giftast? Eins og Rósa segir þá telur hún ekki vera kominn tími til þess að giftast að námi loknu. Hún stefnir á að finna sér góða vinnu og ferðast meira. Konur af yngri kynslóðinni telja sig ekki vera komnar á endastöð eftir að þær hafa lokið námi.

Eins og dæmin sanna þá eru „Sheng nu“ (e. leftover women) konur sem Kínverjar líta á sem afgangskonur. Þær ákváðu að taka starfsframa sinn fram yfir giftingar og barnseignir. Samt sem áður er einblítt á að þær þurfi að gifta sig til þess að vegna vel í lífinu. Það virðist ekki vera nóg fyrir samfélagið að þær nái árangri í menntun og starfi. Rannsóknir hafa sýnt að kínverskir karlar eru í meirihluta þeirra sem eru ógiftir en þrátt fyrir það fá þeir ekki einhvern stimpill á sig fyrir það.

Ég vona samt að konur muni halda áfram að ryðja brautina fyrir aðrar konur þannig að fleiri konur í framtíðinni munu hafa kjark til þess að setja sér markmið og ná árangri eins og þær. Þetta kemur allt saman hægt og rólega. Ég hef séð vott af því við vinnuna við þessa ritgerð.

Önnur niðurstaða sem ég komst að er að samlögum ætti ekki að vera aðalmarkmið fyrir innflytjendur til þess að aðlaga sig nýju þjóðerni. Það ýtir undir óvissu hjá innflytjendum sem veldur því að togstreita byggist upp. Anna og María segjast hafa ekki kunnað neitt í kínversku og vissu ekkert um kínverska menningu. Þær bættu úr því með því að fara í kínverskunám og voru í skiptinámi út í Taívan í eitt ár. Þær hljómuðu eins og þær sæju eftir því að hafa ekki byrjað fyrr að læra tungumálið. María segir jafnframt að systur hennar hafi haft fleiri tækifæri en hún í að læra kínversku en samt sem áður enduðu þær á að læra eitthvað annað tungumál. Þar af leiðandi kunna þær varla kínversku.

Anna segist ekki oft tala um fjölskylduna sína eða um rætur sínar þegar hún gerir það þá verða vinir hennar oftast hissa að hún vilji ræða það. Hún sér sig sem Hollending



en áttar sig stundum á að að hún sé kínversk. Hún uppgötvaði það þegar hún fór til Kína og átti í erfiðleikum með samskipti við fjölskylduna sína út í Kína. Hún á líka erfitt með að tala við föður sinn vegna þess að hún kunni ekki mikið í kínversku og faðir hennar var ekki góður í hollensku. Samt sem áður ákvað hún að læra kínversku vegna þessara tungumálaörðugleika í fjölskyldunni og á hún því enn betri samskiptum við foreldra sína og fjölskyldu nú til dags.

Þessi dæmi sýna að betri kosturinn er samþætting þar sem að einstaklingurinn tekur þátt í ríkjandi menningu en viðheldur auk þess tungumáli og menningu heimalands síns. Í skýrslu Félagsmálaráðuneytisins segir að í lýðræðisþjóðfélögum ætti alltaf að stefna að því að hafa samþættingu sem markmið í málefnum innflytjenda. Margir halda því fram að samlögun sé flestum í hag og Anna og María upplifðu frá barnæsku pressu byggða á samlögun þegar lögð var áherla á að þær töluðu ekki móðurmálið heldur legðu áherslu á að ná fullum tókum á ríkjandi tungumáli. Þær voru einnig meðvitaðar um að fleiri vinir þeirra væru í sömu stöðu. Það var þeirra ákvörðun síðar að læra móðurmálið og þegar þær líta til baka hefðu þær viljað viðhalda móðurmálinu frá barnæsku í anda samþættingar.

Ég hef einnig upplifað svipað þar sem sagt var við móður mína að hún ætti að hætta að tala móðurmálið okkar og byrja að tala íslensku svo að ég gæti talað hana reiprennandi. Þess vegna hefur þetta efni tengst mér afar mikið því að ég tengi náði við viðmælendur mína.

Tilhugsunin um að innflytjendur, eins og „huaren,“ sem muni aðlagast með því að nota samlögun (e. assimilation) hræðir mig. Vegna þess að mér finnst móðurmál manns og menning skipta afar miklu máli. Að gleyma algjörlega menningu sinni og rótum er eins og að manni vanti einhvern hlut af sjálfum sér. Þess vegna finnst mér samþætting vera lykilatriði. Ef að foreldrar innflytjenda hætta að tala móðurmálið sitt, mun það deyja út meðal þeirra og aðeins ríkjandi tungumál verður eftir. Verðum við því öll eins og töluðum sama tungumálið?

## Heimildaskrá

Adichie, N. C. (fyrirlesari) (2012) *We should all be feminists* [myndskeið]. Sótt 23. apríl 2019 af

[https://www.ted.com/talks/chimamanda\\_ngozi\\_adichie\\_we\\_should\\_all\\_be\\_feminists](https://www.ted.com/talks/chimamanda_ngozi_adichie_we_should_all_be_feminists)

Anagnost, A. S. (1988). Family Violence and Magical Violence: The Woman as Victim in China's One-Child Family Policy. *Women and Language*, 11(2), 16.

Anqi, X., Xiaolin, X., Wenli, L., Yan, X. og Dalin, L. (2007). *Chinese Family Strengths and Resiliency*, 41(1-2), 143-164. doi:10.1300/J002v41n01\_08

Attané, I. (2012) Being a Woman in China Today: A demography of gender. *China Perspective*, (4), 5-15. Sótt 19. apríl 2019 af <https://journals.openedition.org/chinaperspectives/6013#quotation>

Bullough, L. V. og Ruan F. F. Marriage, Divorce, and Sexual Relations in Contemporary China. *Journal of Comparative Family Studies*, 25(3), 383-393. Sótt 29. apríl 2019 af <http://www.jstor.org/stable/41602347>

Chao, K. R. (2000) The Parenting Of Immigrant Chinese and European American Mothers: Relations Between Parenting Styles, Socialization Goals and Parental Practices. *Journal of Applied Developmental Psychology*. Sótt 1. maí 2019 af <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0193397399000374>

Dion, K. K. og Dion L. K. (2001). Gender and Cultural Adaption in Immigrants Families. *Journal of Social Issues*, 57(3), 511-521. Sótt 20. apríl 2019 af <https://spssi.onlinelibrary.wiley.com/doi/pdf/10.1111/0022-4537.00226>

Ebenstein, A. (2010). The "Missing Girls" of China and the Unintended Consequences of the One Child Policy. *The Journal of Human Resources*, 45(1), 87-115. Sótt 25. apríl 2019 af <http://www.jstor.org/stable/20648938>

Félagsráðuneytið. (2005). *Skýrsla nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi*. Sótt 3. maí 2019 af [https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/skyrsla\\_nefndar\\_um\\_adlogun\\_utlendinga.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/acrobat-skjol/skyrsla_nefndar_um_adlogun_utlendinga.pdf)

Fountas, J. A. (ritstj.). (2005). *Waking up American*. Emeryville, CA: Seal Press.  
Gender inequality index. (2017) *Human Development Reports*. Sótt 30. apríl 2019 af <http://hdr.undp.org/en/composite/GII>

Hagstofa Íslands. (2018). *Innflytjendum heldur áfram að fjölga*. Sótt 26. apríl 2019 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-efrir-bakgrunni-2018/>

Hagstofa Íslands. (2019). *Mun færri innflytjendur útskrifast af framhaldsskólastigi*. Sótt 20. apríl 2019 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/menntun/utskrifadir-nemendur-ur-framhaldsskolum-og-haskolum-2016-2017/>

Hagstofa Íslands. (2019). *Innflytjendur með 8% laun lægri en innlendir*. Sótt 23. apríl 2019 af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/laun-og-tekjur/rannsokn-a-launamun-efrir-bakgrunni-2008-2017-10942/>

Hwang, C. W. (2007) Qi-gong Psychotic Reaction in a Chinese American Women. *Culture, Medicine and Psychiatry*, 31(4), 547-560. Sótt 23. apríl 2019 af <https://link.springer.com/article/10.1007/s11013-007-9065-z#citeas>

Ji, Y. (2015). Between Tradition and Modernity: “Leftover” Women in Shanghai. *Journal of Marriage and Family* 77(5). 1057-1073. doi:10.1111/jomf.12220

Kvale, S. (1996). *InterViews: An Introduction to Qualitative Research Interviewing*. Thousand Oaks, CA: Sage.

Liebig, T. og Widmaier, S. (2009) *Children of immigrants in the labour markets of EU and OECD countries: An overview*. Paris: OECD

Man, G. (2004). Gender, work and migration: Deskillling chinese immigrant women in Canada. *Women's Studies International Forum* 27(2), 135-148. Sótt 23. apríl 2019 af <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0277539504000172#BIB59>

McCall, L. (2001). Sources of Racial Wage Inequality in Metropolitan Labor Markets: Racial, Ethnic, and Gender Differences. *American Sociological Review*, 66(4), 520-541. Sótt 22. apríl 2019 af <http://www.jstor.org/stable/3088921>

McKeown, A. (2004). Global Migration, 1846-1940. *Journal of World History*, 15(2), 155-189. Sótt 30. apríl 2019 af <http://www.jstor.org/stable/20068611>

Milwerts, C. (2002) *Beijing Women Organizing for Change*. Kaupmannahöfn: NIAS Press.

Pong, S. og Hao, L. (2007). Neighborhood and School Factors in the School Performance of Immigrants' Children. *The International Migration Review*, 41(1), 206-241. Sótt 26. apríl 2019 af <http://www.jstor.org/stable/27645658>

Portes, A. og Rivas, A. (2011). The Adaptation of Migrant Children. *The Future of Children*, 21(1), 219-246. Sótt 28. apríl 2019 af <http://www.jstor.org/stable/41229018>

Putnam, L. L. og Poole, M. S. (1987). Conflict and negotiation. *Handbook of organizational communication*. Newbury Park, CA: Sage.

Salaff, W. J., Greve A. og Chen X. (2007) Motherhood shifts when Chinese families relocate: chinese women's education work in Canada. Í T. Devasahayam og B. S. A. Yeoh (ritstj.) *Working and mothering in Asia* (221-246). Singapore: NUS Press.

United Nations, Department of Economic and Social Affairs, Population Division. *International Migration Report 2017: Highlights*. (ST/ESA/SER.A/404). (2017). Sótt 17. apríl 2019 af [https://www.un.org/en/development/desa/population/migration/publications/migrationreport/docs/MigrationReport2017\\_Highlights.pdf](https://www.un.org/en/development/desa/population/migration/publications/migrationreport/docs/MigrationReport2017_Highlights.pdf)

Zeng, Y. og Hesketh, T. (2016). The effects of China's universal two-child policy. *The Lancet*, 388(10054), 1930-1938. Sótt 19. apríl 2019 af <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0140673616314052#bibl10>

Zheng, J. (2013). Xiangqin Wave: A Close Look at Modern Chinese Dating Culture. *Academic Journal Of Interdisciplinary Studies*, 2(9), 319. Sótt 20. apríl 2019 af <https://www.mcser.org/journal/index.php/ajis/article/view/853>

Zong, J. og Batalova, J. (29. september 2017). Chinese Immigrants in the United States. *Migration Policy Institute*. Sótt 19. apríl 2019 af <https://www.migrationpolicy.org/article/chinese-immigrants-united-states>

Westra, P. og Sigrún Erla Egilsdóttir. (2019) *The access to education for refugees in Iceland*. Reykjavík: Rauði Krossinn.

World Health Organization. (2012). *Trends in maternal mortality: 1990-2010*. Sótt 27. apríl 2019 af [http://www.searo.who.int/maldives/documents/Trends\\_in\\_maternal\\_mortality\\_A4\\_\\_1990-2010.pdf](http://www.searo.who.int/maldives/documents/Trends_in_maternal_mortality_A4__1990-2010.pdf)